

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á Grundartanga, austursvæði, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 3. maí 2016 breytingu deiliskipulags hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á Grundartanga, austursvæði.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér að skilgreindur er skjólgarður með viðlegu ásamt þjónustuvegi suðaustan hafnsækinnar iðnaðarstarfsemi við Austursker. Efni í garðinn er áætlað 60.000 rúm-metrar.

Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 31. maí 2016,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2016